



Samráðsgátt stjórnvalda, Dómsmálaráðuneyti

Mál nr. 137/2023

Reykjavík, 18. ágúst 2023

Áform um breytingu á lögum um söfnunarkassa nr. 73/1994 og lögum um Hapdrætti Háskóla Íslands nr. 13/1973 (aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka)

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til áforma um breytingar á lögum um söfnunarkassa og lögum um hapdrætti Háskóla Íslands sem birtist í samráðsgátt þann 17. júlí síðastliðinn. Um leið og SFF fagna áformunum vilja samtökin koma eftirfarandi á framfæri. Í áformaskjali, lið d. kemur fram að sú leið verði farin að setja ákvæði í báða bálka sem gerir kröfu til auðkennis spilara, mögulega með spilakorti. Í umfjöllun áforma um mat á áhrifum er frekari umfjöllun um fyrirhuguð spilakort en ekki umfjöllun um hvernig greitt skuli fyrir kortin. Í áhættumati Ríkislögreglustjóra fyrir árið 2021 kemur eftirfarandi fram:

“Veruleg hættu er á því að spilakassar geti verið nýttir til peningabættis og eru vísbendingar um slíkt. Úmtalsvert aðgengi er að spilakössum og eini greiðslumátinn er reiðufé. Helstu ógnir starfseminnar eru:

- *Umfang áhættu bæði hvað varðar fjölda spilakassa og veltu.*
- *Notkun reiðufjár.*
- *Möguleiki á að hlaða inn reiðufé og prenta í kjölfarið út vinningsmiða án þess að spila eða spila fáa leiki.*
- *Aðgengi spilastaða og annarra til kaupa á vinningsmiðum.*
- *Nafnleysi spilara.*

Tilkynningum til SFL hefur fjölgað síðastliðin tvö ár og er grunur um að þessi leið hafi ítrekað verið notuð við peningabætti.”

Að mati SFF er ástæða til þess að skoða sérstaklega hvaða greiðsluleiðir verði í boði við kaup á spilakorti. SFF vona að gætt verði að framangreindu við smíði frumvarpsins svo árangur náist.

Virðingarfyllst, F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,

Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur